

Fundargerð 299. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Þriðjudagur 2. júlí 2024
Fundartími: 16:00-17:10
Fundarmenn: Árni Eiríksson, oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Samþykkt að bæta við gjaldfrjálsum skólamáltíðum undir lið 6 í og fundargerð stjórnar UTU nr. 111 undir lið 7 k). Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 282, dags. 12.06.2024

a) Ölvisholt 4 L207867; Ölvisholt 4B; Stofnun lóðar – 2402049

Lögð er fram umsókn ásamt merkjalýsingu er varðar stofnun nýrrar lóðar úr landi Ölvisholts 4 L207867. Óskað er eftir að stofna 8.445,5 fm lóð sem fær staðfangið Ölvisholt 4B. Aðkoma að lóðinni er um núverandi veg eins og sýnd er á meðfylgjandi merkjalýsingu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að ekki verði gerð athugasemd við framlagða merkjalýsingu og að hún verði samþykkt á grundvelli reglugerða um merki fasteigna nr. 160/2024 með fyrirvara um samþykki landeigenda viðkomandi merkja. Skipulagsnefnd UTU bendir á að framkvæmdir innan lóðar eru að jafnaði háðar gerð deiliskipulags sem tekur til framkvæmdaheimilda.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða merkjalýsingu er varðar stofnun nýrrar lóðar úr landi Ölvisholts 4 L207867 og samþykkir hana á grundvelli reglugerðar um merki fasteigna nr. 160/2024 með fyrirvara um samþykki landeigenda viðkomandi merkja. Sveitarstjórn bendir á að framkvæmdir innan lóðar eru að jafnaði háðar gerð deiliskipulags sem tekur til framkvæmdaheimilda.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Lækjarholt 4 L231163; Byggingarreitir gistihúsa og nafnabreyting lóðar; Deiliskipulagsbreyting – 2403040

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Lækjarholts 1 og 2 eftir auglýsingu. Í breytingunni felst uppfærsla á staðföngum auk þess sem skilgreindir eru byggingarreitir fyrir 7 gistihýsi í landi Lækjarholts 4. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan tillögunnar þar sem ástæða er til. Nefndin bendir á, vegna athugasemda Vegagerðarinnar, að í tillögunni felst engin breyting á aðkomu að landinu frá nágildandi deiliskipulagi. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag sem tekur til Lækjarholts 1 og 2 eftir auglýsingu og telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan tillögunnar þar sem ástæða er til. Sveitarstjórn bendir á, vegna athugasemda Vegagerðarinnar, að í tillögunni felst engin breyting á aðkomu að landinu frá nágildandi deiliskipulagi. Deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í

B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

Hjalti Guðmundsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Fundargerð skipulagsnefndar nr. 283, dags. 26.06.2024

a) **Mýrar L166366; 8 smábýli; Deiliskipulag – 2405052**

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til jarðarinnar Mýrar L166366 í Flóahreppi. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarland í flokki I-II í Aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 og hefur ekki áður verið deiliskipulagt. Aðkoma að svæðinu er um Hamarsveg sem er tengivegur og vegtengingum kemur ekki til með að fjölga. Deiliskipulag þetta tiltekur 8 nýjar landspildur (smábýli) ásamt því að tiltaka byggingarreiti innan lóðanna.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykka deiliskipulagið til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um að byggingarreitir innan tillögunnar verði minnkaðir með það að markmiði að takmarka áhrif uppbyggingar á svæðinu á landbúnaðarland í flokki I og II.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til jarðarinnar Mýrar L166366 til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) **Mósató 2 L225132; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting – 2406015**

Lögð er fram umsókn sem tekur til breytingar á aðalskipulagi á lóð Mósató 2 í Flóahreppi sem er skilgreind sem íbúðarhúsalóð. Í breytingunni felst að lóðin verði skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði.

Fyrir liggja umsóknir nærliggjandi lóða Mósató 7 og 8 um viðlíka breytingu á landnotkun á svæðinu. Níverandi landnotkun svæðisins gerir ráð fyrir uppbyggingu íbúðarhúsa á landnotkunarreit ÍB17 og hafa nú þegar verið byggð íbúðarhús á lóðum Mósatóar 1 og 5. Lóðir Mósatóar 6, 7 og 8 eru skilgreindar sem frístundalóðir innan svæðis F16a, ekki hefur verið byggt innan þeirra lóða. Við vinnslu aðal- og deiliskipulagsbreytinga á svæðinu sem tóku til aukinna framkvæmdaheimilda á svæði VP1 komu fram athugasemdir sem vörðuðu getu vegakerfis svæðisins til að takast á við aukna uppbyggingu á verslunar- og þjónustu innan svæðisins. Umrædd svæði sem nú hefur verið óskað eftir að verði skilgreind sem verslunar- og þjónusta eru í um 2-300 m fjarlægð frá níverandi hóteli svæðisins. Að mati skipulagsnefndar er þörf á að meta umfang uppbyggingar á verslunar- og þjónustutengdri starfsemi á svæðinu í heild sinni, getu innviða til að takast á við breytta landnotkun og hvort ástæða sé til að hverfa frá þeirri landnotkun sem áætluð hefur verið á svæðinu í formi uppbyggingar á íbúðarhúsum og frístundahúsum sérstaklega í ljósi þess að nú þegar er hafin uppbygging á íbúðarhúsum á reit ÍB17. Undanfarin ár hafa verið unnar 6 deiliskipulagsbreytingar auk 4 aðalskipulagsbreytinga á svæðinu sem um ræðir. Að mati nefndarinnar þarf að skoða skipulagsmál svæðisins í heild áður en frekari breytingar verða á skipulagsáætlunum koma til framkvæmdar. Skipulagsfulltrúa falið að funda með hlutaðeigandi umsækjendum og hagsmunaaðilum á svæðinu með það að markmiði að ná fram heilstærði mynd af skipulagi svæðisins til framtíðar. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að afgreiðslu málsins verði frestað.

Sveitarstjórn Flóahrepps frestar afgreiðslu málsins varðandi umsókn sem tekur til breytinga á aðalskipulagi á lóð Mósató 2 L225132 þar til skipulagsfulltrúi hefur fundað með hlutaðeigandi umsækjendum og hagsmunaaðilum á svæðinu vegna framtíðarskipulags svæðisins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) **Gaulverjabæjarskóli L165520; Aukið byggingamagn; Deiliskipulagsbreyting – 2406025**

Lögð er fram umsókn um óverulega breytingu á deiliskipulagi Gaulverjabæjarskóla. Í breytingunni felst að heimild fyrir gistihýsum á byggingarreit C verði aukin úr 40 fm í 45. *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykka viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi og um svo óveruleg frávik er að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn er ekki talin þörf á grenndarkynningu.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir viðkomandi breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Gaulverjabæjarskóla L165520. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi og um svo óveruleg frávik er að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn fer sveitarstjórn ekki fram á grenndarkynningu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Kelduland L228225; Flutningur húss, staðsetning og notkun; Fyrirspurn – 2406051

Lögð er fram fyrirspurn er varðar flutning á sumarhúsi frá Skógaseli L167738 að Keldulandi L228225.

Skipulagsnefnd UTU telur að ekki sé heimild fyrir frekari uppbyggingu aðstöðuhúsa innan svæðisins samkvæmt gildandi deiliskipulagi. Mælist nefndin til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að fyrirspurninni verði synjað.

Sveitarstjórn Flóahrepps frestar afgreiðslu fyrirspurnar er varðar flutning á sumarhúsi frá Skógaseli L167738 að Keldulandi L228225 þar til frekari gögn liggja fyrir um málið. Fyrirspyrjanda er bent á að senda frekari gögn um húsið á skipulags- og byggingafulltrúa.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) Hjálmholt L166235; Breytt skilgreining lands, verslun og þjónusta og breytt lega efnisnámu E6; Aðalskipulagsbreyting -2406056

Lögð er fram skipulagslýsing sem tekur til breytinga á aðalskipulagi og nýrrar deiliskipulagsáætlunar á um 173 ha landi úr jörð Hjálmhólts í Flóahreppi. Núverandi landnotkun svæðisins gerir ráð fyrir landbúnaðarsvæði auk frístundasvæðis á um 60 ha svæði. Í breytingunni felst að svæði fyrir frístundabyggð verði stækkað auk þess sem gert verði ráð fyrir verslunar- og þjónustusvæði.

Skipulagsnefnd UTU bendir á að samkvæmt stefnumörkun aðalskipulags Flóahrepps skulu 2/3 hlutar frístundasvæðis vera byggðir áður en nýtt svæði er tekið til skipulagningar auk þess sem ný svæði skulu ekki fara umfram 15 ha innan hvernar jarðar. Afgreiðslu málsins frestað.

Samkvæmt núverandi stefnumörkun aðalskipulags Flóahrepps er gert ráð fyrir 60 ha svæði fyrir frístundabyggð á svæði F22 sem breytingin tekur til. Samkvæmt stefnumörkun aðalskipulags er ekki gert ráð fyrir því að heimilt sé að stækka núverandi frístundasvæði nema 2/3 hlutar þess hafi verið byggðir og að ekki sé heimilt að skilgreina ný svæði nema upp að 15 ha í senn. Að mati sveitarstjórnar eiga þeir skilmálar ekki við þegar svæðið og innviðir þess eru alfarið óbyggðir. Með aðalskipulagsbreytingu er því ætlunin að breyta forsendum fyrir uppbyggingu á frístundasvæði F22 þar sem legu, stærð og forsendum fyrir uppbyggingu er breytt sbr. framlagðra skipulagslýsingu vegna Hjálmhólts L166235. Samhliða eru kynntar innan lýsingar áætlunar um uppbyggingu á verslunar- og þjónustutengdri starfsemi innan svæðisins. Sveitarstjórn bendir á að unnið er að breytingu á aðalskipulagi samhliða þar sem vatnsból innan svæðisins er skilgreint ásamt viðeigandi vatnsverndarsvæði sem gera skal grein fyrir innan tillögu aðalskipulagsbreytingar. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um lagfæringu á gögnum sem miðar að því að sveitarstjórn heimilar breytingu á legu 60 ha svæði fyrir frístundabyggð F22 innan skipulagssvæðisins en gerir kröfur um að það svæði verði byggt að 2/3 hluta áður en

svæði undir fristundabyggð verður stækkað frekar innan landsins. Einnig fer sveitarstjórn fram á að vatnsból og vatnsverndarsvæði í Áshildarmýri verði tilgreint í gögnum.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) **Hjálmholt og Áshildarmýri; Vatnsból og vatnsverndarsvæði; Aðalskipulagsbreyting – 2406076**

Lögð er fram skipulagslýsing sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Flóahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Í breytingunni felst skilgreining vatnsbóls og vatnsverndarsvæðis.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórnir Flóahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps að samþykkja skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagslýsingin tekur til breytinga á aðalskipulagi Flóahrepps er varðar skilgreiningu vatnsbóls og vatnsverndarsvæðis í Hjálmholti og Áshildarmýri.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

g) **Þjósárbraut 2, Stórholt; Landbúnaðarsvæði í verslun og þjónustu; Aðalskipulagsbreyting – 2401034**

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 vegna lóðarinnar Þjósárbrautar 2 í landi Stórhólts eftir kynningu. Samkvæmt núverandi staðfestu aðalskipulagi Flóahrepps er landið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Er það ósk landeigenda að aðal- og deiliskipulagi svæðisins verði breytt þannig að hluti lóðarinnar Þjósárbraut 2 (3,21 ha), verði ætlað undir verslun- og þjónustu. Innan reitsins verði heimilt að reisa um 350 fm þjónustuhús þar sem jafnframt er heimilt að hafa 4 - 5 gistirými fyrir samtals um 20 gesti og um 30 - 40 gestahús til útleigu, sem eru um 30 fm hvert fyrir samtals um 60 - 80 gesti. Ennfremur er heimilt að reisa um 200 fm íbúðarhús/starfsmannahús og um 200 fm aukahús, s.s gestahús, gróðurhús, hesthús og/eða geymslu/skemma. Skipulagstillaga breytingarinnar var í kynningu 23. maí - 13. júní 2024

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að framlögð tillaga að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Þjósárbrautar 2, Stórhólts verði samþykkt í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Mælist nefndin til þess að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Þjósárbrautar 2, Stórhólts í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

h) **Hróarsholt spilda F1 L197221; Framkvæmdarleyfi**

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi sem tekur til veglagningar og nýrrar vegtegingar að landi Hróarshólts spildu F1 L197221 á grundvelli gildandi deiliskipulags svæðisins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að útgáfa framkvæmdaleyfis verði samþykkt á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins sem framkvæmdin tekur til en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis vegna veglagningar og nýrrar vegtengingar að landi Hróarshólts spildu F1 L197221 á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins sem framkvæmdin nær til fer sveitarstjórn ekki fram á grenndarkynningu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa nr. 206, dags. 05.06.2024 og nr. 207, dags. 20.06.2024 Lagt fram til kynningar.

3. **Vegna kauptilboða í Þingborg eldri**

Fyrir liggur bréf frá Margréti Jónsdóttur f.h. Ullarverslunarinnar Þingborg. Í bréfinu fellur hún frá þeirri hugmynd að kaupa Þingborg eldri líkt og hún hafði lýst yfir vilja til í bréfi til sveitarstjórnar dagsett 16. apríl 2024. Í sama bréfi er óskað eftir því að gera leigusamning til fimm ára um sama hluta hússins og verslunin hefur haft á leigu hingað til.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar innsent erindi. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að finna hentugan tíma þar sem matsmaður fer yfir mat á húsinu með sveitarstjórn. Sveitarstjórn frestar ákvörðun um ósk um áframhaldandi leigusamning til fimm ára þar til frekari upplýsingar liggja fyrir. Sveitarstjórn ítrekar þó að leigusamningar eru þegar í gildi við Ullarverslunina Þingborg og Gallery Flóa og haldast þeir óbreyttir nema annar aðili leigusamnings segi þeim upp með umsömdum og viðurkenndum uppsagnarfresti eða aðstæður kalli á fyrirvaralausariftun leigusamnings í samræmi við 60. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. **Erindi frá Grindarvíkurbæ – Tillaga að uppgjöri við sveitarfélög vegna grindvískra grunnskólabarna**

Fyrir liggur erindi frá Grindarvíkurbæ er varðar tillögu að uppgjöri við sveitarfélög vegna grindvískra grunnskólanemenda skólaárið 2023-2024 ásamt greiningu á auknum kostnaði í þeim grunnskólum sem tóku við grindvískum nemendum á skólaárinu 2023-2024. Miðað við tillögu að uppgjörsaðferð er einungis greitt fyrir grunnskólanemendum ef um er að ræða fleiri en 6 nemendur á vorönn. Þó verði greitt fyrir bókfærðan íþyngjandi kostnað vegna sérþarfa einstakra nemenda ef við á.

Sveitarstjórn Flóahrepps felur sveitarstjóra að kalla eftir upplýsingum frá skólastjóra Flóaskóla varðandi skólagöngu tveggja grindvískra grunnskólanemenda á skólaárinu 2023-2024 Sveitarstjóra falið að ganga frá málinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. **Frá Bergrisanum bs. – Húsnæðisreglur**

Fyrir liggja húsnæðisreglur í málefnum fatlaðs fólks á þjónustusvæði Bergrisans ásamt fylgiskjali/vinnuskjali ráðgjafa.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir reglur Bergrisans um húsnæði fyrir fatlað fólk ásamt fylgiskjali/vinnuskjali ráðgjafa.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. **Gjaldfrjálsar skólamáltíðir**

Alþingi Íslands samþykkti í júní sl. breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 þar sem Jöfnunarsjóði sveitarfélaga var falið það hlutverk að úthluta framlagi til sveitarfélaga sem bjóða upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir. Gert er ráð fyrir að við tekjur Jöfnunarsjóðs bætist viðbótarframlag úr ríkisjóði sem kemur til úthlutunar til sveitarfélaga og skiptist framlagið hlutfallslega eftir heildarnemendafjölda í grunnskólum í hverju sveitarfélagi 1. janúar skólaárið á undan. Miðað er við að Jöfnunarsjóður úthluti framlagi til sveitarfélaga mánaðarlega frá ágúst 2024 til loka árs 2027, að undanskildum júlímánuði ár hvert, auk þess sem úthlutun framlagsins í ágústmánuði mun taka mið af því að skólar hefjast um miðjan mánuðinn. Forsenda úthlutunar er að sveitarfélag bjóði nemendum upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir en útfærslan á því með hvaða hætti boðið er upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir er háð ákvörðun hvers sveitarfélags.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að bjóða upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskóla sveitarfélagsins frá og með ágúst 2024 og til loka árs 2027 að því gefnu að aðilar samkomulags standi við sinn hluta. Í viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga er gert ráð fyrir að ríkið greiði 75% af kostnaðarþátttöku forráðamanna vegna skólamáltíða og sveitarfélagið 25%.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

Hjalti Guðmundsson sat hjá við afgreiðslu málsins.

7. **Fundargerðir:**

- Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 298, dags. 04.06.2024
- Íþróttá-æskulýðs- og menningarnefndar nr. 11, dags. 23.05.2024

- c) Framkvæmda- og byggingarnefndar Flóaskóla nr. 4, dags. 06.06.2024 og nr. 5, dags. 27.06.2024
- d) Framkvæmda- og veitunefndar nr. 23, dags. 26.06.2024
Sveitarstjórn tekur undir bókun framkvæmda- og veitunefndar er varðar betri upplýsingar um stöðu vatnsveitunnar svo að nefndin geti tekið ákvörðun um forgangs röðun á fjármagni til fjárfestinga sem byggir á stöðunni.
- e) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 948, dags. 31.05.2024
- f) Stjórnar Bergrisans nr. 73, dags. 31.05.2024 ásamt undirrituðum ársreikningi 2023 og nr. 74, dags. 24.06.2024
- g) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 236, dags. 11.06.2024
- h) Stjórnar Fræðslunetsins nr. 160, dags. 06.06.2024
- i) Stjórnar SASS nr. 610, dags. 06.06.2024
- j) Stjórnar Arnardrangs hses. nr. 14, dags. 24.06.2024 ásamt ársreikningi 2023
- k) Stjórnar byggðasamlags UTU nr. 111, dags. 05.06.2024 og nr. 112, dags. 25.06.2024 ásamt gjaldskrá vegna móttöku og hreinsunar á seyru hjá UTU bs.
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða gjaldskrá vegna móttöku og hreinsunar á seyru hjá Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita bs.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- l) Framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs. nr. 20, dags. 21.06.2024
- m) Aukaaðalfundar SASS dags. 07.06.2024
- n) Vegna húsnæðismálefna meðferðarheimilisins á Lækjarbakka

8. Efni til kynningar

- a) Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps birt í B-deild Stjórnartíðinda 06.06.2024
- b) Frá Jafnréttisstofu – Ábyrgð og hlutverk sveitarfélaga vegna bils milli fæðingarorlofs og inntöku barna í leikskóla
- c) Frá Foreldrahúsi – Björgum Foreldrahúsi
- d) Frá HMS – Opið fyrir umsóknir um stofnframlög ríkisins til byggingar eða kaupa á almennum íbúðum skv. lögum nr. 52/2016 og reglugerð nr. 183/2020
- e) Frá Úrvinnslusjóði – Skilagrein vegna sérstakrar söfnunar umbúða á árinu 2023
- f) Frá Endurmenntunarsjóði grunnskóla 2024 – Úthlutanir 2024
- g) Frá Sambandi sunnlenskra kvenna – Erindi til Héraðsnefndar Árnesinga
- h) Frá Skipulagsgátt – Aðalskipulag Árborgar 2020-2036 – Breytingar á ASK 2024, nr. 0184/2024 (breyting á aðalskipulagi)
- i) Frá Samgöngustofu – Umferðarþing 20. september 2024
- j) Næsti fundur sveitarstjórnar verður aukafundur sem haldinn í fjarfundi mánudaginn 8. júlí. Fyrsti fundur sveitarstjórnar eftir sumarleyfi verður þriðjudaginn 13. ágúst. Í september mun sveitarstjórn funda tvisvar sinnum skv. nýjum samþykktum um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps. Fundir í september verða 3. september og 17. september og verða fundir sendir út í beinu streymi frá 3. september.

Samþykkt með 5 atkvæðum.


Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Hjalti Guðmundsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)



 Árni Eiríksson

 Harpa Magnúsdóttir

 Hjalti Guðmundsson

 Walter Fannar Kristjánsson

 Hulda Kristjánsdóttir

Fundargerð 300. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Fjarfundur
Fundardagur: mánudagur 8. júlí 2024
Fundartími: 12:30-13:00
Fundarmenn: Árni Eiríksson, oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Harpa Magnúsdóttir
Anný Ingimarsdóttir

Walter Fannar Kristjánsson, fjarverandi

Árni Eiríksson oddviti setti fjarfund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 284, dags. 12.06.2024

a) Vestur-Meðalholt L165513; Ný íbúðarbyggð í dreifbýli; Aðalskipulagsbreyting – 2302029

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar er varðar Vestur-Meðalholt í Flóahreppi eftir auglýsingu. Í breytingunni felst breytt skilgreining landbúnaðarlands í íbúðarbyggð. Alls er um allt að 20 hektara svæði að ræða fyrir allt að 20 íbúðarlóðir. Lóðirnar geta hver um sig verið 1 til 3 ha og gert verður ráð fyrir rúmum byggingarheimildum. Innan lóða er gert ráð fyrir heimildum til garðræktar, skógræktar, kolefnisbindingar, takmarkaðs búfjárhalds eða minni háttar atvinnustarfsemi, þ.e.a.s. vinnustofur, gallerý eða gisting í samræmi við ákvæði aðalskipulags. Umsagnir bárust við auglýsingu tillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Umsagnir bárust frá Vegagerðinni, Veðurstofu Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Breytt hefur verið í kafla 2, 3.4, 3.5, 5.2, 5.2.1 í samræmi við umsagnir fyrrnefndra stofnana. Skerpt er á umfjöllun um flóðahættu, vistgerðir, fuglalíf og jarðmyndanir. Að mati skipulagsnefndar hefur verið brugðist við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan greinargerðar skipulagsbreytingarinnar og mælist nefndin til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykka breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að óskað verði eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir breytingu á aðalskipulagi vegna nýrrar íbúðarbyggðar í Vestur-Meðalholtum L165513 eftir auglýsingu. Brugðist hefur verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan greinargerðar skipulagsbreytingarinnar en umsagnir bárust frá Vegagerðinni, Veðurstofu Íslands, Náttúrufræðistofnu Íslands, Umhverfisstofnun, Minjastofnun og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Breytingar í samræmi við umsagnir má finna í köflum 2, 3.4, 3.5, 5.2, 5.2.1. Þar sem skerpt er á umfjöllun um flóðahættu, vistgerðir, fuglalíf og jarðmyndanir. Sveitarstjórn Flóahrepps óskar eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

b) Vestur-Meðalholt L165513; Íbúðarbyggð; Deiliskipulag – 2311079

Lögð er fram, eftir auglýsingu, tillaga deiliskipulags sem tekur til nýs íbúðarsvæðis í landi Vestur-Meðalholtu í Flóahreppi. Skipulagssvæðið er staðsett suðaustan við Selfoss, milli Gaulverjabæjarvegur og íbúðarbyggðar í Rima, og er um 20 ha að stærð. Aðkoma er um nýja vegtengingu frá Önundarholtsvegi. Á skipulagssvæðinu eru afmarkaðar 17 lóðir. Stærð lóða er frá 7.499 m² til 21.938 m² og er nýtingarhlutfall lóða skilgreind að hámarki

0,05. Byggingarreitir innan skipulagsins eru merktir B1-B2-B3 og gilda mismunandi heimildir innan þeirra. Innan lóða er almennt heimilt að byggja íbúðarhús, bílskúr og gestahús auk þess sem heimildir eru fyrir skemmu og gripahúsi. Athugasemd og umsagnir bárust á auglýsingatíma málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum skipulagsgögnum.

Eftir auglýsingu voru gerðar breytingar á greinargerð tillögunnar í samræmi við umsagnir með eftirfarandi hætti. Breytt var texta í kafla 4.3 í samræmi við umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar. Bætt var við texta í kafla 2 og 4.4 í samræmi við umsögn Umhverfisstofnunar um að hlifa blautustu blettum svæðisins. Breytt var hámarksmanishæð í töflu, kafla 3.1 eftir umsögn. Skerpt var á texta í kafla 2.2 varðandi að ekki sé gert neitt á svæðinu í kringum minjarnar. Skerpt var á umfjöllun um vistgerðir og nútímahraun í umhverfismatsskýrslu í kafla 5. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu með fyrirvara um lagfæringu á gögnum vegna umsagnar BÁ er varðar vatnsöflun vegna slökkvivatns á svæðinu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan deiliskipulagstillögu. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samhliða gildistöku aðalskipulagsbreytingar fyrir svæðið.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag fyrir Vestur-Meðalholt L165513 eftir auglýsingu með fyrirvara um lagfæringu á gögnum vegna umsagnar Brunavarna Árnassýslu er varðar vatnsöflun vegna slökkvivatns á svæðinu. Umsagnir bárust vegna málsins og hefur verið brugðist við þeim með fullnægjandi hætti innan deiliskipulagstillögunnar. Deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samhliða gildistöku aðalskipulagsbreytingar fyrir svæðið.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

- c) **Grímsskjól L236179; Stofnun 6 smábýlalóða og landskipti; Deiliskipulag – 2403039**
Löggð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til landskikans Grímsskjól L236179 úr landi Hallanda í Flóahreppi, eftir auglýsingu Svæðið skiptist í tvo hluta um Engjalæk sem þverar skikann. Á syðri skikanum eru afmarkaðar sex smábýlalóðir þar sem heimilt verður að stofna lögbýli, byggja upp bæjartorfur og stunda hvern þann búskap sem heimilt er á landbúnaðarlandi samkvæmt aðalskipulagi sveitarfélagsins.
Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan skipulagstillögunnar. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag fyrir Grímsskjól L236179 eftir auglýsingu og að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Brugðist hefur verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan skipulagstillögunnar

Samþykkt með 4 atkvæðum.

- d) **Hnaus lóð L178933; Skilgreining lóðar; Deiliskipulag – 2404067**
Löggð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til lóðar Hnauss lóð L178933, eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst heimild fyrir uppbyggingu íbúðarhúss, tveggja gestahúsa og útihúss/gróðurhúss.
Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag fyrir Hnaus lóð L178933 eftir auglýsingu að það taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

2. Frá Sýslumanninum á Suðurlandi – Umsagnarbeiðni um breytingu á gildandi rekstrarleyfi

Fyrir liggur umsagnarbeiðni frá fulltrúa sýslumanns vegna breytingar á gildandi rekstrarleyfi í flokki II (H), frístundahús rýmismúmer 01-0101 og 02-0101, frá Victori Björgvin Victorssyni kt. 200977-2979 í Kirkjuholti, Skyggnisholti 803 Selfoss (F251 1615).

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við að gerð verði breyting á gildandi rekstrarleyfi þar sem nýju frístundahúsi er bætt við og gistirýmum fjölgað um 4.

Hámarksgestagjöldi í tveimur gistirýmum í Kirkjuholti verða samtals 8 eftir breytingu.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

Árni Eiríksson (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Anný Ingimarsdóttir (sign)

Fundargerð 73. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2024, föstudaginn 21. júní kl. 09:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fer hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Jónína Brynjólfsdóttir, Knútur Emil Jónasson og Einar Kristján Jónsson.

Að auki sátu fundinn Jóhannes Ágúst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Orkumál - staða og stefna - 2202003SO

Eins og fram hefur komið stefnir ríkisstjórnin að leggja fram frumvarp í haust er varðar skattlagningu orkumannvirkja. Mikilvægt er fyrir Samtök orkusveitarfélaga að þau verði vel upplýst um þessi áform stjórnvalda og geta fylgst með framvindu mála.

Stjórn SO samþykkir að fela formanni að óska eftir fundi í sumarlok með fulltrúum þeirra ráðuneyta sem hafa með málið að gera.

2. Áskorun frá Samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum, SSKS - 2011004SO

Lagt fram til kynningar bréf dagsett 13 júní sl. frá Samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum um áskorun samtakanna til stjórnvalda.

Stjórn SO samþykkir að fela formanni að eiga fund með formann Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum og ræða sameiginleg hagsmunamál þessara tveggja samtaka.

3. Drög að reglugerð um breytingu á skipulagsreglugerð nr 90 2013 - 2406002SO

Lögð fram til kynningar drög að reglugerð um breytingu á skipulagsreglugerð nr 90 2013.

Umræður voru um einstakar greinar reglugerðarinnar.

Fundi var slitið kl. 10:00

<p>✓ DIGITAL SIGNATURE 2.7.2024 22:11:52 GMT</p> <p><u>Knútur Emil Jónasson</u></p> <p>Knútur Emil Jónasson Reason: Signature</p>	<p>✓ DIGITAL SIGNATURE 5.7.2024 12:40:25 GMT</p> <p><u>Jónína Brynjólfsdóttir</u></p> <p>Jónína Brynjólfsdóttir Reason: Signature</p>	<p>✓ DIGITAL SIGNATURE 2.7.2024 11:47:23 GMT</p> <p><u>Guðný Birna Guðmundsdóttir</u></p> <p>Guðný Birna Guðmundsdóttir Reason: Signature</p>	<p>✓ DIGITAL SIGNATURE 2.7.2024 11:48:15 GMT</p> <p><u>Einar K. Jónsson</u></p> <p>Einar K. Jónsson Reason: Signature</p>	<p>✓ DIGITAL SIGNATURE 2.7.2024 13:56:42 GMT</p> <p><u>Árni Eiríksson</u></p> <p>Árni Eiríksson Reason: Signature</p>	<p>✓ DIGITAL SIGNATURE 2.7.2024 14:47:03 GMT</p> <p><u>Ása Valdís Árnadóttir</u></p> <p>Ása Valdís Árnadóttir Reason: Signature</p>
---	---	---	---	---	---



611. fundur stjórnar SASS

fjarfundur

28. júní 2024, kl. 12:30 – 13:55

Þátttakendur: Anton Kári Halldórsson formaður, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Árni Eiríksson, Brynhildur Jónsdóttir, Arnar Freyr Ólafsson, Gauti Árnason, Jóhannes Gissurarson, Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir og Njáll Ragnarsson. Einnig tekur þátt Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri sem jafnframt ritar fundargerð.

Formaður býður fundarmenn velkomna á fyrsta fund nýskipaðrar stjórnar eftir aukaaðalfund samtakanna í Vestmannaeyjum.

1. Fundargerð

Fundargerð 610. fundar staðfest en hún verður undirrituð síðar.

2. Fundartími og starfshættir stjórnar

Formaður kynnir fundaáætlun stjórnar en áfram verða fundir að jafnaði haldnir fyrsta föstudag í hverjum mánuði kl. 12:30 – 15:00. Gert er ráð fyrir fjar- og staðfundum og að sveitarstjórnir verði heimsóttar. Fjarkynningarfundir fyrir sveitarstjórnir verða haldnir kl. 11:00 – 12:00 sama dag og fundir stjórnar fara fram. Á þeim fundum verða til umfjöllunar helstu verkefni stjórnar en einnig verða stutt erindi flutt um málefni sem skipta sveitarfélögin máli. Vinnufundur stjórnar er fyrirhugaður 22. – 23. ágúst nk.

Árþing SASS verður haldið á Hótel Örk í Hveragerði 31. október – 1. nóvember nk. Millipinganefndir verða að störfum til að undirbúa ákveðin færri en stærri mál sem skipta sveitarfélögin máli en einnig að forgangsraða málefnum og ályktunum. Uppfærð drög að samþykktum samtakanna verða lögð fram á þinginu.

Áfram verður unnið að stefnumörkun fyrir Sóknaráætlun Suðurlands 2025 -2029 og drög verða lögð fram með fundargögnum fyrir árþingið.

Framkvæmdastjóra falið að uppfæra fundaáætlun, boða til funda stjórnar, senda póst á sveitarstjórnir um skipan kjörinna fulltrúa í millipinganefndir og skipa formenn nefnda en þeir koma úr stjórn samtakanna.

3. Önnur mál til kynningar og umræðu

- Fundargerðir m.a. stjórnar annarra landshlutasamtaka



Lagðar fram til kynningar; fundargerðir 1. og 2. funda stjórnar Markaðsstofu Suðurlands, 180. og 181. funda stjórnar SSV, fundargerðir 800. - 803. funda stjórnar SSS, fundargerðir 109. og 110. funda stjórnar SSNV, fundargerð 64. fundar stjórnar SSNE, fundargerð 579. fundar stjórnar SSH, fundargerð 97. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins.

b. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnir helstu verkefni frá síðasta fundi sem er vinnsla fundargerðar og önnur atriði tengd aukaaðalfundi, undirbúningur fyrir aðalfund Eignarhaldsfélags Suðurlands og atriði tengd gerð svæðisskipulags fyrir Suðrhálendið.

c. Fundargerð aukaaðalfundar 2024

Formaður kynnir að fundargerð aukaaðalfundar SASS hafi verið send út í tölvupósti en að hún sé einnig aðgengileg á heimasíðu samtakanna.

d. Íbúakönnun

Formaður kynnir að niðurstöður íbúakönnunar landshlutasamtakanna liggi nú fyrir en hana má finna [hér](#).

e. Samgönguáætlun 2024 - 2038

Stjórn SASS lýsir yfir miklum vonbrigðum með að samgönguáætlun 2024 - 2038 hafi ekki verið afgreidd á Alþingi fyrir sumarleyfi þingmanna.

f. Stafrænt ráð

Jóhanna Ýr formaður stafræns ráðs sambandsins kynnir starf ráðsins og þá vinnu sem fram undan er. Nýjasta útspilið er að ríki og sveitarfélög taki höndum saman við þessa vinnu með það að markmiði að ná fram sem mestri sammögnun.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn föstudaginn 16. ágúst nk. kl. 12:30.

Fundi slitið kl. 13:55

Anton Kári Halldórsson
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Árni Eiríksson
Brynhildur Jónsdóttir
Njáll Ragnarsson
Arnar Freyr Ólafsson
Gauti Árnason
Jóhannes Gissurarson
Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir

Hulda Kristjánsdóttir

From: Einar Óskarsson - VG <einar.oskarsson@vegagerdin.is>
Sent: fimmtudagur, 11. júlí 2024 11:41
To: bardur.arnason; Guðmundur Valur Guðmundsson - VG; Vígfús Þór Hróbjartsson; Árni Eiríksson; Daníel Leó Ólason; Kristján Ari Úlfarsson; Orvar.steingrimsson@efla.is; Bergþóra Þorkelsdóttir - VG; Þórir Þórisson; Sigurður Þór Haraldsson; Margrét Silja Þorkelsdóttir - VG; Börkur Brynjarsson; Bragi Már Bragason; Eggert Þeyr Sveinsson; Rúnar Guðmundsson; Svanur G. Bjarnason - VG; Ómar Þór Baldursson; Víglundur Guðmundsson; Kristinn Fannar Sveinsson; Jón Heiðar Gestsson - VG; Hulda Kristjánsdóttir; Atli Marel Vokes; Guðmundur Daníelsson; Valtýr Þórisson - VG; Gunnar Magnús Jónsson; Margrét Ósk Aronsdóttir - VG
Subject: Hringvegur (1) um Ölfusá - með veitum/sveitarfélögum
Attachments: 106365-FUN-006-V01-Fundur með veitufyrirtækjum 5-7-2024.pdf

Góðan dag og takk fyrir fundinn sl. föstudag

Meðfylgjandi er fundargerð í viðhengi.

Ein athugasemd um greiðslur: greiðslur verkþega verða almennt eftir framvindu. Undantekning í útboðsgögnum voru lagnir um brú þar sem greitt er að fullu þegar verki er lokið. Breyting verður á því fyrir vatnslagnir, hitaveitulagnir og ídráttarrör Landsnets, þar sem greitt verður í þremur áföngum. Annað breytist ekki.

Ég bið alla verkþega um að staðfesta móttöku póstsins og um leið staðfesta áframhaldandi umboð Vegagerðarinnar til að ganga til samninga á þeim forsendum sem við höfum rætt.

Bestu kveðjur
Einar

Sent from [Outlook for Android](#)

Um ábyrgð á tölvupósti

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur (og viðhengi hans) er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stíllaður á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum (og viðhengjum hans) biðjum við þig að gæta fyllsta trúnaðar, hvorki lesa upplýsingarnar, skrá þær hjá þér né nota þær á nokkurn hátt og tilkynna okkur samstundis að upplýsingarnar hafi ranglega borist þér. Brot gegn þessu kunna að varða bótaábyrgð og refsingu samkvæmt lögum.

English

Please note that this e-mail and its attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged. If you have by coincidence or mistake or without specific authorization received this e-mail and its attachments we request that you notify us immediately that you have received them in error, uphold strict confidentiality and neither read, copy, nor otherwise make use of their content in any way. Unauthorized use of this email may result in liability and be punishable by law.

Hulda Kristjánsdóttir

From: Einar Óskarsson - VG <einar.oskarsson@vegagerdin.is>
Sent: miðvikudagur, 10. júlí 2024 15:04
To: Hulda Kristjánsdóttir
Cc: Guðmundur Valur Guðmundsson - VG
Subject: Re: Hringvegur (1) um Ölfusá - með veitum/sveitarfélögum

Sæl Hulda

Takk fyrir póstinn.

Það er von á fundargerð frá Eggerti (samræmingarhönnuður lagna) í dag sem fer yfir þetta helsta. Það er helst bara að Flóahreppur sé klár með sínar skuldbindingar í verkinu og við græjum samning á milli ykkar og Vegagerðarinnar þegar öll verð og prósentuskiptingar liggja fyrir.

Er að detta í frí en Guðmundur Valur er á fullu að klára lausa enda.

Bestu kveðjur

Einar

Sent from [Outlook for Android](#)

From: Hulda Kristjánsdóttir <hulda@floahreppur.is>
Sent: Wednesday, July 10, 2024 12:49:20 PM
To: Einar Óskarsson - VG <einar.oskarsson@vegagerdin.is>
Subject: RE: Hringvegur (1) um Ölfusá - með veitum/sveitarfélögum

Sæll Einar

Ég komst ekki á fundinn á föstudaginn. Er eitthvað sem stendur á Flóahreppi eða eitthvað sem við þurfum að taka sérstaklega fyrir hjá okkur?

Hulda

-----Original Appointment-----

From: Einar Óskarsson - VG <einar.oskarsson@vegagerdin.is>
Sent: þriðjudagur, 2. júlí 2024 12:56
To: Einar Óskarsson - VG; Atli Marel Vokes; Árni Eiríksson; Bárður Árnason; Bragi Már Bragason; Börkur Brynjarsson; Daníel Leó Ólason; Eggert Þeyr Sveinsson; Einar Þór Hjaltason; Guðmundur Daníelsson; Guðmundur Valur Guðmundsson - VG; Gunnar Magnús Jónsson; Hulda Kristjánsdóttir; Jón Heiðar Gestsson - VG; Kristinn Fannar Sveinsson; Kristján Ari Úlfarsson; Margrét Ósk Aronsdóttir - VG; Margrét Silja Þorkeldsdóttir - VG; Ómar Þór Baldursson; Rúnar Guðmundsson; Sigurður Þór Haraldsson; Svanur G. Bjarnason - VG; Valtýr Þórisson - VG; Vigfús Þór Hróbjartsson; Víglundur Guðmundsson; Orvar.steingrimsson@efla.is
Cc: Bergþóra Þorkeldsdóttir - VG
Subject: Hringvegur (1) um Ölfusá - með veitum/sveitarfélögum
When: föstudagur, 5. júlí 2024 13:00-14:00 (UTC+00:00) Monrovia, Reykjavík.
Where: Microsoft Teams Meeting

Góðan dag


Boðað er til samráðsfundar með Vegagerðinni og veitum/sveitarfélögum (skv. útboðsgögnum nefnist þessi hópur einu nafni „verkþegar“) vegna útboðsins Hringvegur (1) um Ölfusá.

- Stutt yfirlit/upprifjun á útboðinu
- Staðfesting á því að Vegagerðin gangi til samninga fyrir hönd verkþega – drög að samningi sbr. póst dags 2.7.2024
- Samræmingarhönnuður á verkhönnunarstigi.

- Þátttaka á verkhönnunarstigi, hönnunarfundir, rýni og samþykki.
- Eftirlit á verktíma
- Annað / spurningar?

Fundurinn verður á haldinn á Teams. Ykkur er velkomið að áframsenda fundarboðið á samstarfsfólk eða ráðgjafa, teljið þið það þörf.

Bestu kveðjur
Einar Óskarsson



Einar Óskarsson

Byggingarverkfræðingur
Hönnunardeild

ainar.oskarsson@vegagerdin.is

Civil Engineer M.Sc.

[+354 522 1083](tel:+3545221083)

[+354 616 6213](tel:+3546166213)

Vegagerðin

Icelandic Road and
Coastal Administration

Suðurhraun 3, 210 Garðabær

vegagerdin.is

Microsoft Teams [Need help?](#)

[Join the meeting now](#)

Meeting ID: 321 641 542 762

Passcode: CRGEhT

For organizers: [Meeting options](#)

Um ábyrgð á tölvupósti

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur (og viðhengi hans) er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum (og viðhengjum hans) biðjum við þig að gæta fyllsta trúnaðar, hvorki lesa upplýsingarnar, skrá þær hjá þér né nota þær á nokkurn hátt og tilkynna okkur samstundis að upplýsingarnar hafi ranglega borist þér. Brot gegn þessu kunna að varða bótaábyrgð og refsingu samkvæmt lögum.

English

Please note that this e-mail and its attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged. If you have by coincidence or mistake or without specific authorization received this e-mail and its attachments we request that you notify us immediately that you have received them in error, uphold strict confidentiality and neither read, copy, nor otherwise make use of their content in any way. Unauthorized use of this email may result in liability and be punishable by law.



FUNDARGERÐ

SKJALALYKILL	VERKHEITI	
106365-FUN-005-V01	Hringvegur (1) um Ölfusá	
DAGS. / TÍMI FUNDAR	VERKKAUPI	
05.07.2024 / 13:00	Vegagerðin	
NR. FUNDAR	FUNDAREFNI	
06	Hringvegur (1) um Ölfusá, fundur með veitufyrirtækjum	
FUNDARGERÐ	FUNDARBOÐARI	FUNDARSTAÐUR
ETS / 08.07.2024	Einar Óskarsson (Vegagerðin)	Teams/Selfossveitur
FUNDARMENN	FYRIRTÆKI	
Árni Eiríksson	Flóahreppur	
Eggert Sveinsson	EFLA	
Einar Óskarsson	Vegagerðin	
Guðmundur Daníelsson	Flóahreppur	
Guðmundur Valur Guðmundsson	Vegagerðin	
Kristján Ari Úlfarsson	Landsnet	
Margrét Ósk Aronsdóttir	Vegagerðin	
Margrét Silja Þorkelsdóttir	Vegagerðin	
Ómar Þór Baldursson	HS Veitur	
Rúnar Guðmundsson	Árborg	
Sigurður Þór Haraldsson	Selfossveitur	
Víglundur Guðmundsson	RARIK	
Þórir Þórisson	EFLA	
FJARVERANDI	FYRIRTÆKI	
DREIFING	FYRIRTÆKI	
Fundarmenn		
FUNDARSKJÖL	NÆSTI FUNDUR	
Drög að samningi milli Vegagerðar og veitufyrirtækja	Ekki rætt	
DAGSKRÁ OG EFNI FUNDAR	ÁBYRGÐ / ÁKVÖRÐUN	

1. Samningur milli Vegagerðar og veitufyrirtækja

Tilboð frá ÞG í Hringveg um Ölfusárbrú barst í mars síðastliðnum.

Síðan þá hefur verið unnið í að fá skýringar og leiðréttingar á tilboðsliðum, m.a. vantaði sums staðar efnisverð inn í tilboðsliði. Í næstu viku er von á uppfærðu tilboði frá ÞG verk.

Magnliðir vegna jarðvinnu fyrir veitufyrirtæki hafa eitthvað breyst síðan útboðið fór út. Helsta breytingin er að Landsnet færir sína strengi norður fyrir Suðurlandsveg og Míla og Vegagerðin gerðu breytingar á hönnun fjarskiptalagna.

Í vikunni sendi Einar drög að samningi við hvert og eitt veitufyrirtæki. Einar kynnti drögin á fundinum. Vegagerðin mun útbúa sér samning við hvert og eitt veitufyrirtæki, þar sem tilgreint er kostnaðarhlutfall og samningsupphæð sem greiðist af hverri veitu. Ekki verður hægt að klára samning milli Vegagerðarinnar og veitufyrirtækja fyrir en kominn er á verksamningur milli Vegagerðarinnar og verktaka.

Verktaki mun senda reikninga beint á veitufyrirtækin, þannig að Vegagerðin sé ekki milliliður milli verktaka og viðkomandi veitufyrirtækis.

Verkefnið er til þriggja ára og því eru samningsupphæðir verðbættar m.v. byggingarvísitölu. Ekki er komið á hreint hvort miðað verður við byggingarvísitölu í febrúar eða júní 2024. Raunkostnaður verkkaupa getur því orðið hærri en liggur fyrir núna, vegna vísitölubreytinga.

Kostnaður vegna lagna í brú verður gerður upp í hlutfalli við framvindu. Þetta er breyting frá því sem lagt var upp með í útboðsgögnum þar sem gert var ráð fyrir að greitt væri þegar viðkomandi verklið, vegna lagna í brú, er lokið.

2. Þátttaka veitufyrirtækja

Óskað er eftir að veitufyrirtæki staðfesti við Vegagerðina áframhaldandi þátttöku í verkinu.

Sveitarstjórn Flóahrepps er komin í sumarfrí fram í ágúst.

Eigna- og veitunefnd Árborgar fundaði um verkefnið dags. 02.07.

3. Yfirferð á útboðsgögnum

Við undirritun verksamnings hefst hönnunarfasi hjá verktaka og verktaki mun í kjölfarið skila inn uppfærðri hönnunaráætlun. Í útboðsgögnum er tekið fram að veitufyrirtæki skulu fá hæfilegan frest til rýni og samþykktar á hönnun frá verktaka.

Engu að síður er óskað eftir að veitufyrirtæki hugi sem fyrst að mönnun t.d. vegna rýni og hönnunarfunda á hönnunartíma, hvort sem það er innanhúss eða hjá ráðgjöfum.

4. Aðgengi að lögnum í brú

Hönnuðir Ramboll hafa bent á að gott sé að hafa góða aðkomuleið að lögnum í brúnni. Þetta er einnig mikilvægt gagnvart viðhaldi á sjálfri brúnni og burðarvirki hennar.

Einnig kom tillaga frá Ramboll að gera breytingar á hvernig lagnir koma inn í tengirýmin við enda brúarinnar. Vegagerðin svaraði að þetta yrði skoðað með opnum huga.

5. Næstu skref

Skipulagsfulltrúar sveitarfélaganna gætu fljótlega átt von á umsóknum frá verktaka t.d. vegna vinnuáætlunar.

Vegagerðin tilkynnir vonandi í næstu eða þar næstu viku hvort tilboð verktaka verður samþykkt eða hafnað.

Í verkáætlun verktaka var gert ráð fyrir undirritun verksamnings 12. júlí, og að hönnunarferlið hefjist í kjölfarið á því, líklega í ágúst. Reiknað er með skv. útboðsgögnum að öll hönnun taki um 1 ár.

Ekki er búið að bjóða út eftirlit með framkvæmdinni. Eftirlit mun fara yfir framvindu og samþykkja uppgjör áður en reikningar eru gefnir út. Veitufyrirtæki munu hvert um sig útvega sína fageftirlitsmenn t.d. vegna úttekta á lögnum, sem og mælingamenn.

Landsnet vinnur að því að leggja sína línu í jörð, sem þverar vegstæðið. Landsnet gerir ráð fyrir að fá framkvæmdaleyfi í október, eins og staðan er.

Vegagerðin var búin að ræða við verktaka hvort hann vilji taka að sér jarðvinnu frá núverandi Suðurlandsvegi að stæðu 114 hjá Landsnet.

Rætt um að Efla haldi áfram með samræmingarhönnun eftir að verktaki kemur að hönnuninni. Ástæðan fyrir því að Efla kom að verkinu á sínum tíma var sú að Efla var ekki í hópi bjóðenda í hönnunar- og framkvæmdahluta verksins, og Efla kom að hönnun m.a. fyrir Árborg og HS Veitur.

Einar óskar eftir að veitufyrirtækin fari yfir drög að samningi milli Vegagerðarinnar og veitufyrirtækja, sem og skoði hlutverk samræmingarhönnuðar í verkinu.

Eftir að verksamningur er kominn á mun verktaki taka við að samræma skurðsnið, skv. hönnun frá hverju og einu veitufyrirtæki.

Umsjónarmaður framkvæmdahluta verkefnisins af hálfu Vegagerðarinnar er Axel Viðar Hilmarsson.

Sveitarfélög á Suðurlandi

Rangárþing ytra, Ásahreppur og Flóahreppur



Fundagestir: Hulda Rós Bjarnadóttir, Vegagerðin
Friðrikka J. Hansen, Vegagerðin
Hulda Kristjánsdóttir, sveitastjóri Flóahrepps
Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps
Valtýr Valtýsson, sveitastjóri Ásahrepps
Jón G. Valgeirsson, sveitastjóri Rangárþings ytra
Egbert Valur Guðmundsson, oddviti Rangárþings ytra

Vegagerðin

Nr	Mál/Gögn	Erindi/Efni	Umsjón
1	Hlutverk Vegagerðarinnar	<p>Kynning á tilgangi fundarins, hvað við erum að gera, hvert er markmiðið og kynning á okkur.</p> <p>Farið yfir hlutverk Vegagerðarinnar og af hverju hún sér um almenningssamgöngur. Farið yfir skilgreiningu almenningssamgangna og einkaréttinn. Stefna innviðaráðuneytis og ríkisins í almenningssamgöngum kynnt, Ferðumst saman, sem er hluti samgönguáætlunar 2020-2024. Einnig farið yfir markmið um heildrænt kerfi almenningssamgangna.</p> <p>Farið yfir tilgang þessara funda og verkefnisins almennt. Að hlutverk Vegagerðarinnar er að byggja upp almenningssamgöngur á milli sveitarfélaga og þjóna íbúum í takt við vinnu- og skólasóknarsvæði.</p>	Hulda
2	Stutt kynning á stoðleiðum	<p>Vg fer stuttlega yfir leiðarnetið sem er á ábyrgð Vegagerðarinnar: flug, ferjur og landsbyggðarvagnar.</p> <p>Kynnir stoðleiðir landsbyggðarvagna, þ.e. þær leiðir sem Vg skilgreinir innanhúss sem langferðarleiðir: Leiðir 51, 52, 55, 56 og 57.</p>	Hulda
3	Kynning á akstursleiðum	<p>Hulda fer yfir akstursleiðir 51 og 52. Tíðni ferða, vagnastærðir, fjölda stoppa á Selfossi og óstundvísi vagns á milli Hveragerðis og Selfoss.</p> <p>Kynnir hugmynd um fækkun stoppistöðva á Selfossi</p> <p>Farið yfir að þegar Hellsisheiði er lokuð að þá stoppi kerfið austan Hellsisheiðar.</p> <ul style="list-style-type: none">Það er bíll sem byrjar á Hvolsvelli sem gæti þjónað svæðnu austan Hellsisheiðar ef heiðin er lokuð <p>Umræður:</p> <p>Óskað er eftir betri greiningu á þessum leiðum og spurt út í hvert hlutfall þeirra farþega sem</p>	Hulda Friðrikka

Síða 1/4

Vegagerðin

	<p>eru að fara í og úr Herjólfu eru af heildinni á leið 52.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Vg er ekki með þær upplýsingar að svo stöddu en segir að gögn séu til staðar að framkvæma slíka greiningu. Vg útskýrir að senda þarf beiðni um slíkt á Vegagerðina en ekkert mál sé að verða við slíkum beiðnum. <p>Allt snýst um FSU og atvinnu. Akstursleiðin Hella-Selfoss er mesta tengingin sérstaklega út af skólanum. En um leið og ungmenni fá bílpróf þá hópast þau saman í bíla frekar en að taka strætó. Þá er erfitt er að keyra á Selfoss til að taka strætó þaðan þar sem lítið er um bílastæði til að skilja einkabílinn eftir.</p> <p>Akstursleiðin Hvolsvöllur – Reykjavík virkar vel í núverandi mynd.</p> <p>Upphaflegt kerfi í uppsveitum [Suðurlands] nýttist ekki nógu vel eins og fyrir tólmstundir utan skóla. Ása- og Flóahreppur velta fyrir sér hvort hægt væri að breyta leiðunum í Uppsveitum svo þær nýttist betur.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Vg svarar að þær verði endurskoðaðar þar sem þær eru ekki að gagnast vel. <p>Engin stoppistöð er í Flóahreppi, stungið er upp á að það sé stoppi við Þingborg. Þar sé möguleiki að hafa stoppistöð.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Fundarmenn svara að það mundi samt ekki duga til, þyrfti að fá samgöngur innar í sveitarfélagið. <p>Vagn á leið 51 stoppar við Ásmundastaðarveg, Kálholt og Landvegamótum aðallega ef talað er við bílstjóra – en þessi staðir eru ekki inni í tímatöflu</p> <p>Lokunarpóstur segja okkur helst hvar klemman er, lokar helst austan Hvolsvallar ef óveður</p> <p>Framtíðaruppbygging er í kortunum um íþróttastarfi milli Hvolsvallar og Hellu. Það mun teygja sig yfir á Laugland og í Þykkvabæ.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Í Þykkvabæ er stórt íþróttahús sem er illa nýtt en grunnskólinn þar var lagður af. - Ásahreppur og Rangárþing Ytra reka saman skóla á Laugalandi. - Hvolsvöllur sníður íþróttir og frístund inn í skóladaginn, annað en er á Hellu. 	
4	<p>Kynning á stöðu stoppistöðva</p> <p>Farið yfir að vöntun er á lagalegu hlutverki um ábyrgð og þjónustuskyldur stjórnvalda á stoppistöðvum.</p> <p>Skýrsla ÖBÍ og VSÓ um aðgengi á stoppistöðvum kynnt.</p>	Hulda

		<p>Vg lýsir fyrir fundarmönnum hvernig hefðbundinni stoppistöð á landsbyggðinni er útbúin, staðsett og þjónustuð.</p> <p>Umræður:</p> <p>Fin upplifun af stoppistöðinni á Hellu.</p> <p>Nemendur eru keyrðir niður á Vegamót. Samtal hefur verið við bílstjórana um að stoppa og taka börnin með [ekki stoppistöð þarna] og þeir orðið við því.</p> <p>Vegamótsafleggjarinn tengir aðra skólabíla.</p>	
5	Fargjaldakerfi	<p>Vg kynnir núverandi fargjaldakerfi og hvers vegna landsbyggðarstrætó er ekki í Klappinu. Kynnt hvaða vinna er í gangi í dag um hönnun á nýju kerfi. Nýtt kerfi mun bjóða upp á fleiri möguleika og tala saman við Klappið á höfuðborgarsvæðinu.</p>	Friðrikka
6	Gjaldsvæði	<p>Vg kynnir hvernig gjaldsvæði landsbyggðarstrætó eru í dag. Farið yfir hver hugmyndafræði framtíðarinnar er með fargjaldsvæðin, það að miða við vinnu- og skólasóknarsvæði en ekki endilega vegalengdir per se. Fyrstu drög að nýjum gjaldsvæðum kynnt.</p>	Friðrikka
7	A10	<p>Hulda kynnir A10 verkefni eins og á Vestfjörðum, Borgarfirði og Snæfellsnesi.</p>	

Síða 3/4

Sveitarfélög

Nr	Mál/Gögn	Erindi/Efni	Umsjón
1	Miðpunktur	<p>Hvaða þéttbýliskjarni er þungamiðja landshlutarins.?</p> <p>Selfoss og Reykjavík.</p> <p>Íbúar Flóahrepps sækja mikið til Reykjavíkur, bæði í skóla og atvinnu.</p> <p>Rangárþing tengist Selfossi frekar en Reykjavík/Höfuðborgarsvæðinu.</p>	
2	Innanbæjarkerfi	<p>Eru almenningssamgöngur innan sveitarfélags til staðar?</p> <p>Nei</p>	
3	Breytingar á leiðarkerfi	<p>Hvaða breytingar á leiðarkerfinu myndu leiða til jákvæðra áhrifa fyrir samfélagið.</p> <p>Að Árborgarvagn útvíkki sinn akstur í nærliggjandi sveitarfélög með styrk/aðkomu</p>	

Vegagerðin

		<p>frá ríkinu. Tækifæri að hafa minni leið samhliða færri lengri leiðum.</p> <p>Leið 51 og 52 virka vel, tækifæri í samþættum akstri og skoða ef Helligsheimi er lokuð um að hægt sé að sinna akstri austan heiðar.</p>	
4	Aukin íbúapátttaka	<p>Hvað þarf að koma til svo íbúapátttaka í almenningssamgöngum aukist?</p> <p>n/a</p>	
5	Framtíðaráætlanir í atvinnuuppbyggingu	<p>Hugmyndir eru um hótél og íbúabyggð við Hrótsvatn – er á 10 ára áætlun.</p> <p>Hella og Hvolsvöllu eru að vaxa ört. Dreifbýlið er einnig að stækka og grunnskólanemendum þar að fjölga.</p> <p>Ásahreppur er aðallega dreifbýli. Þar er uppbygging á búgarðabyggð sem verður rétt hjá Kálfholti og sunnan Áss.</p>	



Selfossi, 24.7.2024

Fundargerð stjórnar

20. fundur stjórnar *Brunavarna Árnæssýslu* haldinn miðvikudaginn 24. júlí 2024, kl. 10:00 á teams.

Mætt: Helgi Kjartansson (formaður), Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Bragi Bjarnason, Árni Eiríksson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Pétur Pétursson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Byggingaframskiptir á Laugarvatni

Pétur fór yfir fjárhagsstöðuna vegna byggingu tækjageymslu á Laugarvatni og tilboð í uppsetningu hússins. Stjórn samþykkir að ganga að tilboði vegna uppsetningu hússins frá GJ tæki og fasteignum ehf.

2. Önnur mál

a. Erindi frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi varðandi tölfraedi verkefna B.A síðustu 5 ára

Pétri falið að afla gagna vegna erindisins

b. Vígsla á nýjum dælubíl í Hveragerði

Pétur sagði frá því að fyrirhugað er að hafa móttöku/vígslu á nýjum dælubíl í Hveragerði eftir sumarfrí, líklega í byrjun september. Dagsetning verður ákveðin síðar.

Mikil ánægja er með bílinn sem er kominn í notkun.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 10:30

Undirritunarsíða

Formaður stjórnar
Helgi Kjartansson



Undirritað af:
Helgi Kjartansson
0211715499
Dags: 24.07.2024
Tími: 15:58:54
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: bb68142b-
8bb4-4d87-872a-
5f457acf7f89

Fjóra Steindóra Kristinsdóttir



Undirritað af:
Fjóra Steindóra
Kristinsdóttir
2702725849
Dags: 24.07.2024
Tími: 15:10:51
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: bb68142b-
8bb4-4d87-872a-
5f457acf7f89

Bragi Bjarnason



Undirritað af:
Bragi Bjarnason
2504815359
Dags: 24.07.2024
Tími: 15:10:03
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: bb68142b-
8bb4-4d87-872a-
5f457acf7f89

Árni Eiríksson



Undirritað af:
Árni Eiríksson
0809664589
Dags: 24.07.2024
Tími: 15:17:19
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: bb68142b-
8bb4-4d87-872a-
5f457acf7f89

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir



Undirritað af:
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
2601794709
Dags: 24.07.2024
Tími: 15:16:26
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: bb68142b-
8bb4-4d87-872a-
5f457acf7f89

Slökkviliðsstjóri
Pétur Pétursson



Undirritað af:
Pétur Pétursson
2108735979
Dags: 24.07.2024
Tími: 15:25:48
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: bb68142b-
8bb4-4d87-872a-
5f457acf7f89

Fundarritari
Unna Björg Ögmundsdóttir



Undirritað af:
Unna Björg Ögmundsdóttir
0310795359
Dags: 24.07.2024
Tími: 15:34:52
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: bb68142b-
8bb4-4d87-872a-
5f457acf7f89



Markaðsstofa Suðurlands

Fundargerð

1. fundur nýrrar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:30 mánudaginn 6. maí 2024, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Mættir:

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Aníta Jónsdóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Ásgerður Kristín Gylfadóttir, fulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga
Guðmundur Fannar Vigfússon, Ferðamálasamtök Suðurlands
Sveinn Hreiðar Jensson, Ferðamálasamtök Suðurlands
Ágúst Elvarsson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Brynhildur Jónsdóttir, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Nejra Mesetovic, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nejra Mesetovic.

Dagskrá

- Stjórn skiptir með sér verkum
- Erindisbréf stjórnar
- Helstu verkefni síðastliðinn mánuð og það sem er framundan
- Starfsmannamál
- Önnur mál

Stjórn skiptir með sér verkum

Guðmundur Fannar Vigfússon býður sig fram til formanns stjórnar og er það samþykkt samhljóða. Stjórn sammælist um að Brynhildur Jónsdóttir verði varaformaður. Starfsmenn Markaðsstofunnar munu áfram sjá um fundaritun.

Stjórn Markaðsstofu Suðurlands 2024/2025

Aðalmenn

Aníta Jónsdóttir - Visit South Iceland ehf.

Ágúst Elvarsson – Ferðamálafélag Austur Skaftafellssýslu

Ásgerður Kristín Gylfadóttir – Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Brynhildur Jónsdóttir - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Guðmundur Fannar Vigfússon - Ferðamálasamtök Suðurlands (formaður)

Sveinn Hreiðar Jensson - Ferðamálasamtök Suðurlands

Varamenn:

Arnar Freyr Ólafsson - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Árni Eiríksson - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Ársæll Hauksson – Ferðamálasamtök Suðurlands

Íris Heiður Jóhannsdóttir – Ferðamálafélag Austur Skaftafellssýslu

Katrín Björk Eyjólfsdóttir - Ferðamálasamtök Suðurlands

Katrín Ó. Sigurðardóttir - Visit South Iceland ehf

Erindisbréf stjórnar

Framkvæmdastjóri leggur fyrir erindisbréf fyrri stjórnar og voru helstu atriði rædd þegar kemur að fyrirkomulagi funda og hlutverkum stjórnar. Rætt sérstaklega um að ef boða þarf varamann sé það stjórnarmanns að gera og láta framkvæmdastjóra vita upp á að senda fundarboð áfram. Rætt var um staðfestingu á fundargerðum, stjórn samþykkir að fundargerðir verði sendar út og ef ekki berast athugasemdir innan þriggja daga þá teljast þær samþykktar. Æskilegt er að stjórnarmenn staðfesti með tölvupósti séu þeir samþykkir. Framkvæmdastjóri ræðir fundafyrirkomulag stjórnar fyrir komandi ár. Ákveðið var að halda sama fyrirkomulagi og áður þar sem stjórn fundar fyrsta mánudag í mánuði, í flestum tilfellum fjarfundir en stefnt að því að hittast 2-3 yfir tímabilið. Fjarfundir miðast við eina og hálf klukkustund en þegar fólk getur komið saman og hægt að halda fundi á staðnum þá miðast þeir við tvær og hálf klukkustund. Stjórn felur framkvæmdastjóra að setja upp dagskrá og boða stjórnarfundi líkt og verið hefur.

Helstu verkefni og það sem er framundan

Samstarf við sveitarfélög og SASS

- Kynning og samtal við Harald ráðgjafa, hann býður stjórn kynningu á niðurstöðum 15. maí kl. 8:30. Stjórn samþykkir þann tíma og felur framkvæmdastjóra að boða fundinn.
- Unnið er að því að klára samninga og aðlögun kostnaðaráætlana vegna áhersluverkefna sóknaráætlunar.
- Fundur með ferðaþjónustu í Rangárfingi ytra, nýr markaðs- og kynningarfulltrúi hafði frumkvæði að fundi og óskaði eftir stuttri kynningu frá

Markaðsstofunni. Davíð og Ragnhildur sóttu fundinn og heimsóttu samstarfsfyrirtæki í leiðinni.

- Framkvæmdastjóra var boðið að taka þátt í vinnustofu um sameiginlega sýn hagaðila um móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík. Send var ósk um innlegg frá byggðaþróunarfulltrúa uppsveitanna ásamt sveitarstjórum við Gullna hringinn fengust mjög góðir punktar inn í umræðuna.

Markaðsmál

- Unnið að skipulagi á ferð þekktis áhrifavalds í kringum Eldfjallaleiðina og reynt að tryggja viðbótarfjármagn.
- Óskað var eftir þátttöku í Nordics vinnustofum í USA í október en er ekki komin með svar hvort við fáum pláss þar. Mikil aðsókn er í plássin 10 sem eru í boði að þessu sinni.
- Skráning er hafin á Vestnorden í Færeyjum. Stjórn ræddi hvað væri best að gera og voru sammála um að það væri betra að senda tvo starfsmenn frekar en einn, en þá nást fleiri fundir með söluaðilum.

Samstarf MAS (Markaðsstofur landshlutanna)

- MAS fundur, mánaðarlegur fundur forstöðumanna. Rætt var um næstu skref vegna samninga um markaðssetningu (samninga sem nú eru við Íslandsstofu). Móta á sameiginlegt erindi til ráðuneytis. Einnig verður nefnt mikilvægi þess að byrja strax á samningum við Ferðamálastofu fyrir næstu ár.
- Verkefnastjórar fundað um Brandcenter með öðrum markaðsstofum landshlutanna.
- Menntamorgun Hæfniseturs er framundan, 14. maí, þar sem viðfangsefnið eru öryggismál.

Áfangastaðaáætlun og tengd verkefni

- Unnið er að verkefni um uppbyggingu áfangastaða, starfsmaður MSS er í samtali við aðra landshluta meðal annars. Verið er að vinna við handbók í samstarfi við FMST varðandi þetta.
- Fundur með fræðslunetinu og Hæfnisetri ferðaþjónustunnar um samstarfsfleti, nokkur verkefni þegar kemur að möguleikum til náms og fræðslu sem snýr að ferðaþjónustu.
- Fundur með Vinnumálastofnun um þeirra þjónustu gagnvart ferðaþjónustufyrirtækjum og sérstaklega þeim minni varðandi vinnumiðlun. Vilja halda kynningarfund og jafnvel sameiginlegan fyrir allt landið. Þau eru með sérstakt verkefni í gangi bæði innan stofnunarinnar auk þess að vera þátttakandi í erlendu samstarfsverkefni um sama efni.
- Fundað með verkefnastjóra á sviði nærsamfélags og náttúru hjá Landsvirkjun vegna áfangastaða sem eru inni á virkjunarsvæðunum og annarra hugmynda.

Innra starf

- Alls kyns frágangur varðandi aðalfund og árshátíð.
- Morgunfundur Markaðsstofunnar, kynning á helstu niðurstöðum fyrir Suðurland á nýrri landamæraökönun Ferðamálastofu. Kynningu var deilt á Facebook hóp samstarfsfyrirtækja, tekið saman og sent á byggðapróunarfulltrúa, einnig verður gerð frétt fyrir heimasíðu MSS.

Ýmsir fundir

- Nýsköpun og fjárfestingar, ráðstefna þar sem leitað var eftir tillögu frá okkur um einn frummælenda sem gæti fjallað um fjárfestingar í ferðaþjónustu á Suðurlandi. Hæg heimatökin benda á slíkt eftir málþingið sem MSS hélt í tengslum við aðalfundinn.

Starfsmannamál

Staða MSS og starfsmanna rædd.

Önnur mál

- Stefnumótunardagur í haust, væri vinnudagur stjórnar og starfsmanna. Stefnt er að því að fundurinn verði 7. október og staðfundur.
- Sumarleyfi rædd og verða með svipuðu sniði og fyrri ár, ekki verður viðvera starfsmanna á skrifstofu í ca 3 vikur í sumar en þó verður sími áframsendur á starfsmann.

Fundi slitið kl. 12.30.



Markaðsstofa Suðurlands

Fundargerð

2. stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands kl. 13:00 mánudaginn 3. júní 2024, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Mættir:

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Aníta Jónsdóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Ásgerður Kristín Gylfadóttir, fulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga
Guðmundur Fannar Vigfússon, Ferðamálasamtök Suðurlands
Sveinn Hreiðar Jensson, Ferðamálasamtök Suðurlands
Ágúst Elvarsson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Brynhildur Jónsdóttir, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Davíð Ernir Kolbeins, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Davíð Ernir Kolbeins.

Dagskrá

- Helstu verkefni síðastliðinn mánuð og það sem er framundan
- Starfsmannamál
- Önnur mál

Helstu verkefni og það sem er framundan

Samstarf við sveitarfélög og SASS

- Stjórn fékk kynningu 15. maí á úttekt á Markaðsstofu Suðurlands sem unnin var fyrir stjórn SASS, ráðgjafi kynnti skýrslu og helstu punkta sem komu fram. Ráðgjafi lagði til óbreytt fyrirkomulag.
- Samningar voru kláraðir um áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands fyrir árið 2024. Um er að ræða verkefni Menningarperlur Suðurlands og Matarauður Suðurlands.

- Fundur með fulltrúum Kötlu jarðvangs og Rangárbings eystra um hvernig efla megi samstarf milli Markaðsstofu og Jarðvangs. Góður fundur þar sem rædd var m.a. hvernig hægt sé að skipta verkum til að bæta skilvirkni á nýtingu hæfni, tíma og fjármuna.
- Framkvæmdastjóra boðið að taka þátt í vinnustofu um sameiginlega sýn hagaðila um móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík sem haldinn var 8. maí. Óskað var eftir punktum frá byggðapróunarfulltrúa Uppsveitanna ásamt sveitarstjórum við Gullna hringinn og bárust góðir punktar inn í umræðuna. Á fundinum kom fram skilningur á að taka þyrfti tillit til áhrifasvæða eins og Suðurlands við stefnumótun.
- Fundur faghóps sveitarfélaga á Suðurlandi um ferðamál var haldinn á Flúðum 22. maí. Lína, byggðapróunarfulltrúi Uppsveitanna, skipulagði fundinn ásamt Völu. Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri hitti hópinn og kynnti fyrir honum helstu verkefni sem eru í gangi í Hrunamannahrepp. Þá voru nokkur fyrirtæki heimsótt á svæðinu og fékk hópurinn kynningu á þeim, þetta voru Farmers Bistro og Flúðasveppir, The Hill Hotel, Litla Bændabúðin og Hrunalaug.

Markaðsmál

- Búið er að tryggja viðbótarfjármagn til að standa að ferð Chris Burkard um Suðurland og Reykjanes þar sem hann tekur upp efni fyrir Eldfjallaleiðina. Að verkefninu standa Markaðsstofur Suðurlands og Reykjaness, Íslandsstofa og Bláa Lónið. Hann mun leggja af stað í kringum 20. júní og verja u.þ.b. einum degi á hverju áherslusvæði leiðarinnar. Talsverður tími og vinna hefur farið í undirbúning, samskipti og skipulag ferðarinnar. Mikill og jákvæður áhugi var hjá fyrirtækjum á svæðinu til að taka þátt í þessu verkefni.
- Búið að bóka fyrir 2 starfsmenn á Vestnorden í Færeyjum.
- Óskað var eftir þátttöku í Nordics vinnustofum í USA í október en ekki komið svar. Einnig búin að lýsa yfir áhuga á þátttöku í World Travel Market (WTM) í London í nóvember.
- Ýmsum fjölmiðlafyrirspurnum og áhrifavöldum svarað, t.d. ein grein tengd öryggi í Reynisfjöru.
- Vinna við vef og samfélagsmiðla ávallt í gangi, m.a. unnið að skipulagi birtinga fyrir sumarið.
- Unnið að grein í verkefnið 100 stories from Iceland.

Samstarf MAS (Markaðsstofur landshlutanna)

- MAS fundur, mánaðarlegur fundur forstöðumanna var haldinn. Rætt um næstu skref vegna samninga, það þurfi að fara að byrja þá vinnu aftur. Móta á sameiginlegt erindi til ráðuneytis/FMST. Þá var einnig kynnt vinna varðandi vegmerkingar og þá sérstaklega brún skilti.
- Verkefnastjórar funduðu um Brandcenter með öðrum markaðsstofum landshlutanna.
- Fundur var í vefhóp MAS vegna smávægilegra breytinga á vef og svo var rætt um næstu skref gönguleiðaverkefnis sem Ferðamálastofa hefur farið með umsjón með.

- Ráðstefna var haldin um miðjan maí sem bar heitið Nýsköpun og fjárfestingar í ferðaþjónustu. Markaðsstofurnar voru beðnar að benda á aðila sem gæti tekið þátt í umræðu um fjárfestingar um allt land, einn aðili var fenginn úr hverjum landshluta.
- Samráðsfundur var haldinn fyrir fund stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs. Markaðsstofur Suðurlands, Austurlands og Norðurlands ásamt Ferðamálasamtökum Austur-Skaftafellssýslu sameinast um að skipa áheyrnarfulltrúa í stjórn þjóðgarðsins. Fulltrúinn boðar hópinn saman á stuttan fund og fer yfir dagskrá, ræðir málefni og fær punkta ef hópur hefur einhverja.
- Kynningarfundur með Vinnumálastofnun um þeirra þjónustu gagnvart ferðaþjónustufyrirtækjum og sérstaklega þeim minni. Verkefnastjóri MSS sá um samskipti og skipulag á sameiginlegum fundi fyrir samstarfsfyrirtæki allra markaðsstofanna á landinu.

Áfangastaðaáætlun og tengd verkefni

- Áfram unnið að verkefni um uppbyggingu áfangastaða og fór fram stöðufundur vegna verkefnis í byrjun maí með fulltrúa Ferðamálastofu. Verkefnastjóri hefur átt viðtöl við fulltrúa allra markaðsstofanna ásamt því að rýna ýmis gögn. Framundan er að ræða við nokkra fleiri aðila. Stefnt er að klára verkefnið í haust.
- Fundur með fræðslunetinu um samstarf á kynningu á möguleikum til náms og fræðslu sem snýr að ferðaþjónustu.
- Framundan er fundur fyrir hagaðila á Þjórsársvæði í samvinnu við Landsvirkjun.
- Verkefnastjóri hefur átt samskipti við nokkra aðila vegna úthlutanna úr framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Samstarf við Íslandsstofu

- Umræðufundur um útflutningstækifæri á Suðurlandi, unnið í samstarfi við Íslandsstofu og SASS að skipulagi. Fundur sem hafði tvisvar verið reynt að halda á Suðurlandi í haust en þá náðist ekki ásættanlegur fjöldi þátttakenda. Góð mæting var í þetta skipti, fjölbreyttur hópur og góðar umræður voru um tækifæri Suðurlands. Efni verður nýtt inn í útflutningsstefnu Íslands.
- Mánaðarlegur fundur var haldinn með Íslandsstofu og forstöðumönnum MAS. Þar var helst rætt um greiningar og efni sem hægt er að nýta til að efla markaðsstarf.
- Verið að aðstoða Íslandsstofu með tvær blaðamannaferðir í sumar, ein matartengd og önnur golftengd.
- Áherslur Suðurlands fyrir 2024 voru sendar til Íslandsstofu.

Innra starf

- Ýmsir aðilar hafa notið ráðgjafar á tímabilinu, m.a. vegna markaðsmála, verkefnisins 100 stories og vegna skipulags bókmenntatengdrar ferðar.
- Gögnum skilað inn vegna stjórnarskipta. Þegar staðfesting hefur borist mun framkvæmdastjóri klára skráningu raunverulegra eigenda einnig.

- Aðildargjöld 2024/2025 voru rædd og ákvað stjórn Markaðsstofunnar að hækka aðildargjöld samstarfsfyrirtækja um 4% í takt við vísitölu neysliverðs sem hefur hækkað um 4,3% á milli ára.

Ýmsir fundir

- Fundur með erlendum fjárfestum í gistimarkaði. Óskuðu eftir gögnum og upplýsingum m.a. um Suðurland, ferðapjónustu á Suðurlandi og Íslandi, markhópa og ýmislegt annað.

Starfsmannamál

Búið að fylla í skarðið í stað Nejrú og Davíðs sem eru að láta af störfum. Framkvæmdastjóri búinn að funda með væntanlegum nýjum starfsmönnum. Annar kemur til starfa í ágúst og hinn í september.

Önnur mál

- Næsti stjórnarfundur verður 26. ágúst og svo næsti verði vinnufundur í byrjun október sem verður þá lengri fundur þar sem við komum saman. Farið verður í stefnumótun sem starfsmenn og stjórn vinna að.
- Sumarfrí starfsfólks, skrifstofan verður lokuð 2-3 vikur í júlí.
- Ásgerður Kristín Gylfadóttir gerir ráð fyrir því að víkja úr stjórn Markaðsstofunnar og að nýr fulltrúi frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga taki við. Ásgerður þakkar sitjandi stjórn kærlega fyrir samstarfið.

Fundi slitið kl. 13:55.